

Ed.

27. Frumvarp til laga

[26. mál]

um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi fyrirhugað happdrættislán ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Nú ákveður fjármálaráðherra að nota gildandi lagaheimildir til lántöku fyrir ríkissjóð á þann hátt, að út verði boðið happdrættislán, og skulu þá vinningar þess undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti.

2. gr.

Krafa um áfallinn vinning fyrnist á þremur árum frá gjalddaga. Sé vinnings ekki vitjað innan þess tíma, verður hann eign ríkissjóðs.

3. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl., gilda ekki um skuldabréf happdrættisláns þess, er um getur í 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi fyrirhugað
happdrættislán ríkissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess að gefa nú þegar út lög um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi fyrirhugað happdrættislán ríkissjóðs.

Ríkissjóður hefur í hyggju að nota gildandi lagaákvæði um lántökuheimildir ríkissjóðs og bjóða út nýtt innanríkislán með happdrættisformi.

Til þess að örva sölu skuldabréfa þykir nauðsynlegt að sett verði ákvæði um það, að happdrættisvinningsar samkvæmt láni þessu verði skattfrjálslir. Þá þykir einnig þörf á því að ákveða skemmri fyrningarfrést á kröfum um áfallna vinninga en almennur er og enn fremur, að mönnum verði ekki veittur aðgangur til þess að ógilda skuldabréf, sem glatast eða hverfa, en þetta mundi hvort tveggja gera framkvæmdina of þunga í vöfum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Nú ákveður fjármálaráðherra að nota gildandi lagaheimildir til lántöku fyrir ríkissjóð á þann hátt, að út verði boðið happdrættislán, og skulu þá vinningar þess undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti.

2. gr.

Krafa um áfallinn vinning fyrnist á þremur árum frá gjalddaga. Sé vinnings ekki vitjað innan þess tíma, verður hann eign ríkissjóðs.

3. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl., gilda ekki um skuldabréf happdrættisláns þess, er um getur í 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Akureyri, 17. ágúst 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.